

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Kalkpörungafélagið Bíldudalur



UMHVERFISSTOFNUN

|                            |                         |                                |                            |
|----------------------------|-------------------------|--------------------------------|----------------------------|
| <b>Dags eftirlits</b>      | 15.8.2016               | <b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b> | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| <b>Fyrirtæki</b>           | Kalkpörungafélagið      | <b>Eftirlitsmaður</b>          | Sverrir Aðalsteinn Jónsson |
| <b>Heimili</b>             | Hafnarteigi 4, Bíldudal | <b>Tegund eftirlits</b>        | Reglubundið                |
| <b>Kennitala</b>           | 680601-2670             | <b>Flokkur</b>                 | Verksmiðja                 |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Einar Sveinn Ólafsson   | <b>ÍSAT nr.</b>                |                            |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Erla Jónsdóttir         | <b>Staðsetning</b>             | 288910,327 584086,181      |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlitið er varða rykmagn í útblásturslofti. Fjórar athugasemdir voru gerðar er varða að Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var ekki skilað á réttum tíma, framleiðsla ársins 2015 var lítilega yfir mörkum starfsleyfis, bilanir á mengunarvarnarbúnaði voru ekki tilkynntar eftirlitsaðila og hljóðmælingar þarf að endurtaka af óháðum aðila.

## UMFANG EFTIRLITS

Haldinn var samráðsfundur skv gr. 4.9 í starfsleyfi.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Verksmiðjan er öllu jafna keyrð allan sólarhringinn en var ekki í gangi er eftirlitið fór fram þar sem viðgerð á rafmagnsmöstrum rafveitunnar olli því að rafmagn var skammtað til verksmiðjunnar og var hún því einungis í gangi frá kl. 18 til kl. 9, í viku 33. Sömu afköst eru í verksmiðjunni að nóttu sem degi, um 10 tonn á klst., en ekki er harpað að nóttu.

Verið er að skipta út sniglum í flutningskerfinu innanhúss og setja í staðinn sugukerfi. Með þessu ættu ískurhljóð sem kvartað hefur verið undan, að minnka eða hverfa og ryk ætti einnig að minnka frá kerfinu. Var kerfið komið í hús en átti eftir að setja það upp.

Mælingar á ryki úr reykháfum voru framkvæmdar í júní og júlí nú í ár og voru yfir mörkum starfsleyfis sem eru 20 mg/Nm<sup>3</sup>. Gildi mælinga úr reykháfi frá nýja þurrkara voru 40,58 mg/Nm<sup>3</sup> í júní og 38,52 mg/Nm<sup>3</sup> í júlí, en 246,8 mg/Nm<sup>3</sup> og 183,5 mg/Nm<sup>3</sup> í eldri þurrkara. Settur hefur verið upp vothreinsibúnaður við nýja þurrkarann og enn er verið að stilla hann til að fá út bestu hreinsun. Gert er ráð fyrir poka sýjum við eldri þurrkarann en var ekki búið að setja þær við er eftirlitið fór fram. Notkunin á reykháfum er lítil sem engin en ryk úr húsum og loftræstingu fer þó í þar í gegn.

Botnsýnatökur voru framkvæmdar þann 1. júlí 2015 af Köfunarþjónustunni ehf., skv. vöktunaráætlun. Skýrslu þess efnis var skilað í eftirlitinu og þar kemur fram að skv. mati Köfunarþjónustunnar hefur fínefni ekki safnast fyrir á botninum við efnistöku á svæðunum og breytingar hafi ekki verið á umhverfisáhrifum efnistökkunnar á botni frá því vöktun hófst árið 2006.

Svifagnamælingar voru framkvæmdar í júní 2015 og ágúst 2016. Ekki var tekinn núllpunktur vegna mælinganna og því ekki hægt að greina aukning svifagna skv. gr. 2.4 í starfsleyfi. Bent var á að taka þarf núllstöðu áður en dæling hefst. Magn svifagna í sýnum tekin 2013-2015 sína öll álíka niðurstöðu eða svifagnir frá 1-3 mg/L. Mælingar í ágúst 2016 sýna hins vegar mun hærri gildi eða yfir 5 mg/L og telur rekstraraðili að með tilkomu sláturhúss og fiskvinnslu á svæðinu og losun þess í fráveituna hafi gildi svifagna aukist.

Rætt var um hávaðamengun frá verksmiðjunni en kvartanir hafa borist eftirlitsaðila um ískur, hátíðnihljóð og hávaða, bæði að nóttu sem degi. Rekstraraðili mælir hávaða með Kimo dB100 hljóðmæli tvisvar sinnum á sólarhring á þremur stöðum, við anddyri, við safnaðarheimilið og neðan við leikskóla. Skv. þeim mælingum kemur fram að hávaði við leikskóla er mjög álíka að nóttu sem degi og mælist gildið á milli 40-50dB. Mælingar sem gerðar hafa verið þegar verksmiðjan er stopp sýna álíka niðurstöðu en aukinn atvinnustarfsemi á hafnarsvæðinu gerir það að verkum að erfiðara er að ákvarða uppruna hljóðsins.

Fyrirhugað er að bora eftir sjó á lóð verksmiðjunnar til að nýta sem kælivökva en undirbúningur stendur yfir og ekki komin dagsetning á framkvæmdir. Stækkun setlónsins er einnig í undirbúningi en umsóknin var kærð á sínum tíma en niðurstaða hefur nú fengist í því máli. Reiknað er með að stækka lónið til norðurs og út í sjó.

Úrgangur er flokkaður í verksmiðjunni og er endurvinnanlegur úrgangur sóttur af Gámabjónustunni.

Í október 2015 gáfu síur sig í hreinsibúnaði fyrir kornaverksmiðjuna og var brugðist við því og verksmiðjan stöðvuð á meðan á viðgerð stóð. Bilun varð í þurrkara þann 2. mars sl. og var sú bilun tilkynnt til eftirlitsaðila ásamt viðgerðaráætlun. Viðgerð lauk 22. apríl. Einnig brugðust vatnslagnir þann 3. apríl og 6. júní sl. og var brugðist við með því að keyra verksmiðjuna niður á meðan viðgerð stóð. Minnt er á að allar bilanir sem verða til þess að ryk fer óhreinsað út úr verksmiðjunni skal tilkynna til eftirlitsaðila.

Eftirlitsaðila hafa borist 6 kvartanir á árinu, ýmist vegna hávaða eða ryks og hefur rekstraraðila verið tilkynnt um það. Tilkynningarnar hafa verið nafnlausar og tímasetning hávaða/ryks ekki allaf fylgt með svo erfitt hefur reynst að fylgja þeim eftir en rekstraraðili hefur sent útskýringar þar sem tímasetningar hafa fylgt kvörtunum og hægt að fletta upp í niðurstöðum mælinga.

Gengið var um verksmiðjuna, setlón og lóð. Ekki var óeðlilega mikið rykmagn í kringum verksmiðjuhúsin og lóð var nokkuð snyrtileg á að líta. Mikið var í setlóni og hráefnisgeymslum.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

Gr. 2.1 í starfsleyfi

Rykmagn í útblásturslofti, sem berst út í andrúmsloftið skal fyrir klukkustundar meðalgildi vera minna en 20 mg/Nm<sup>3</sup> miðað við eðlilegt loftmagn frá viðkomandi uppsprettu. Skv. mælingum sem gerðar voru í júní og júlí sl. eru gildin mun hærri.

#### ATHUGASEMDIR

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað með tölvupósti þann 18. maí sl. en bent er á að skiladagur gagnanna er 1. maí ár hvert.

Skv. Grænu bókhaldi var framleiðsla ársin 2015 als 50.522 tonn en viðmið starfsleyfis eru 50.000 tonn. Bent er á að sækja þurfi um aukningu á starfsleyfi sem allra fyrst.

Athugasemd er gerð við að bilanir á mengunarvarnarbúnaði voru ekki tilkynntar skv. gr. 4.5 í starfsleyfi.

Gerð er athugasemd við að hljóðmælingar sýna gildi við hávaðamörk íbúðabyggðar að næturlagi. Óskað er eftir því að rekstraraðili fái óháðan aðila til að gera hljóðmælingar skv. gr. 2.9 í starfsleyfi og að rekstraraðili stuðli að minnkun hávaða frá verksmiðjunni eins vel og mögulegt er. Rekstraraðili hefur ráðið sérfræðing til að vinna hljóðkort fyrir starfseminu og reiknað er með að þeirri vinnu verði lokið á þessu ári. Vegna aukinna umsvifa í atvinnustarfsemi í bænum er erfiðara en áður að greina hvaðan hávaðamengun kemur en ætti hljóðkort að geta greint uppruna hljóðsins með nákvæmari hætti en þær hljóðmælingar sem gerðar eru í dag.

#### ANNAÐ

Minnt er á að reyna skal með öllum hætti að lágmarka hljóð frá verksmiðjunni á næturtíma.

Rekstraraðili undirbýr umsókn um aukningu á framleiðslunni, úr 50.000 tonnum upp í 85.000 tonn. Ekki verður þó um stækkun verksmiðjunnar að ræða heldur fjölgun framleiðsludaga og betri nýtingu á þurrkurum.

Rekstraraðili óskaði eftir upplýsingum um BAT (Best Available Techniques) skýrslu varðandi verksmiðjuna og nánari útskýringar um útstreymisbókhald. Voru þessar upplýsingar sendar rekstraraðila með tölvupósti þann 18. ágúst sl.

Reykjavík, 08.09.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir